



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2018

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um pósthjónustu, 149 löggjafarþing - 270. mál.

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögnum um frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál.

Að mati Neytendasamtakanna er jákvætt fyrir neytendur að einkaréttur ríkisins á pósthjónustu sé afnuminn og markaðurinn opnaður. Að því sögðu gera samtökin þó eftirfarandi athugasemdir.

Neytendasamtökin leggja til að í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins verði fellt út orðalagið „að viðbættum hæfilegum hagnaði“. Samtökin telja það vera óeðlilegt að neytendum sé ætlað að greiða sérstaklega fyrir verð fyrir dreifingu á pökkum erlendis frá umfram raunverulegan kostnað.

Þá gjalda Neytendasamtökin varhug við því að kostnaður vegna rekstrarvanda Íslandspósts sé velt á herðar neytenda.

Að svo stöddu gera Neytendasamtökin ekki frekari athugasemdir við ofangreint frumvarp en lýsa yfir að þau séu tilbúin til að koma á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir afstöðu sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður